

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 28. mars 2022
Málsnúmer: 202203-0029
la

Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar við uppbyggingu ferðaþjónustu að Leyni 2 og 3 í Rangárþingi ytra

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 11. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu fyrirhugaðrar uppbyggingar ferðaþjónustu að Leyni 2 og 3, Rangárþingi ytra.

Til stendur að reisa allt að 400 m² þjónustuhús á 1-2 hæðum og allt að 30 gestahús, hvert um sig allt að 60 m² að stærð og 4 lúxushús, allt að 250 m² að stærð.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tilkynningu og með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar bendir á eftirfarandi atriði:

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er ekki innan svæðis á náttúruminjasrá en er á fjarsvæði vatnsverndar. Undir svæðinu liggur Þjórsárhraunið sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga sem eldhraun runnið á nútíma, fyrir um 8600 árum. Þjórsárhraunið hefur hátt vísindagildi og er metið einstakt á landsvísu, jafnvel á heimsvísu sem eitt mesta hraun jarðar sem runnið hefur eftir ísöld. Það nær frá hálendi landsins og út í sjó við Stokkseyri og Eyrabakka, er víða hulið jarðvegi og gróðri, eða yngri hraunum, sem dregur staðbundið úr verndargildi hraunsins. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru ræktuð tún og ummerki hraunsins á yfirborði sjást ekki. Fram kemur í greinargerð tilkynningar að grafnar hafa verið fjórar gryfjur til jarðkönnunar og reyndist jarðvegur vera um 3-5 m þykkur ofan á hrauninu.

Svæðið er á jarðskjálftabelti Suðurlands þar sem öflugir skjálftar geta átt sér stað. Vegna þessa og þar sem framkvæmdasvæði er innan fjarsvæðis vatnsverndar þarf að huga sérstaklega vel að frágangi vatnslausna.

Náttúrufræðistofnun telur að gera þurfi betur grein fyrir ljósmengun vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og áhrif þess á nærliggjandi umhverfi.

Náttúrufræðistofnun telur, með hliðsjón af hlutverki sínu, framkvæmdina ekki matsskylda.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

